



8. desember 2021

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn fjölmenningsráðs

Þann 19. október 2021 barst sviðsstjórum erindi með tilvísun í mál R21010116 þar sem óskað var svara við spurningum um fyrirkomulag og stöðu íslenskukennslu fyrir starfsfólk.

Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það skv. stefnumótun?
- Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?
- Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launaþróunar?

1. Á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar starfa liðlega 240 starfsmenn og hlutfall starfsmanna sem eiga annað móðurmál en íslensku hefur undanfarið verið 4-5%. Á sviðinu er lögð áhersla á starfsfólk sé upplýst um það íslenskunám sem stendur starfsmönnum til boða og námsmöguleikar oft skoðaðir með hverjum og einum starfsmanni. Þær leiðir sem gjarnan eru notaðar til upplýsingamiðlunar um íslenskunám eru Workplace, stjórnendafundur auk tölvupósta og símtala til stjórnenda.
2. Starfsfólk menningar- og ferðamálasviðs hefur jafnan fengið hvatningu og stuðning til þess að sækja íslenskukennslu á vinnutíma. Þó skal þess getið að upp hafa komið aðstæður þar sem ekki hefur verið unnt að skipuleggja íslenskukennslu á vinnutíma og hafa slík tilfelli einkum verið bundin við framlínustarfsmenn.
3. Eðli málsins samkvæmt væri ákjósanlegt að geta boðið starfsmönnum upp á starfstengda íslenskukennslu. Það hefur þó ekki verið raunin á sviðinu enda afar fáir starfsmenn við íslenskunám á hverjum tíma og íslenskukunnátta starfsmanna ólík. Íslenskukennsla getur haft óbein áhrif á starfs- og launaþróun starfsfólks. Í því að veita starfsfólki tækifæri til þess að auka við starfstengda hæfni sína, þ. á. m. með íslenskukennslu, felst stuðningur við starfsþróun starfsmanna og farvegur lagður til þess að takast á við auknar áskoranir og ábyrgð. Íslenskukennslan ein og sér leiðir þó vitanlega ekki til launahækkunar þó hún styðji við starfsþróun starfsfólks og geti þannig orðið til hækkunar launa með óbeinum hætti.

Baldur Örn Arnarson
Mannauðsstjóri mof